



Giljadrög við miðbaug

ESP_034864_1825

HIRISE

HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



THE UNIVERSITY
OF ARIZONA

Giljadrög eru algengust á miðlægum breiddargráðum á Mars en finnast líka við pólana og nálægt miðbaug. Hér sjáum við árekstragig sem er um 900 metra breiður og hefur áberandi giljadrög á öllum innri börmum sínum, nema í norðvesturhliðinni. Gígurinn myndaðist við hlið forns farvegs, svo norðvesturhlutinn hrundi ofan í farveginn þannig að hliðarnar eru ekki eins brattar.